

Ísafjarðarbær
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
Skipulags-og byggingarfulltrúi
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1
400 ÍSAFIRÐI

Reykjavík, 13. janúar 2016
Tilvísun: OS2016010023/50.6
Verknúmer: 1403002

Efni: Þverárvirkjun. Umsögn um tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Orkustofnun vísar til erindis sveitarfélagsins dags. 7. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem er nú til kynningar á vinnslustigi vegna fyrirhugaðrar Þverárvirkjunar í Önundarfirði. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 600 kW rennslisvirkjun við Þverá í Önundarfirði.

Orkustofnun bendir á með vísan til 3.22 tl. 1. Viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br., eru vatnsorkuver með uppsett rafafli [200 kW] eða meira háð mati á umhverfishárfum, sbr. 6. gr. laganna, sem kveður á um að framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B og flokki C í 1. Viðauka við lögina skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Samkvæmt ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923 m.s.br. fer Orkustofnun með stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir um annað, sbr. 2. mgr. 143. gr. laganna. Vatnalög taka til alls rennandi vatns, sbr. 1. gr., m.a. til hvers konar hagnýtingar vatns til framleiðslu á orku, fyrst og fremst raforku, sbr. 4. mgr. 18. tl. Í V. kafla laganna er fjallað um notkun vatnsorku og samkvæmt VI. kafla vatnalaga sem fjallar um mannvirkjagerð, miðlun vatns, varnir lands, þurrkun o.fl. er kveðið á um stíflugerð til vatnsmiðlunar, m.a. 68. gr. sem segir;

Leita skal leyfis Orkustofnunar til vatnsmiðlunar eða breytinga á henni ef flatarmál miðlunarhlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Orkustofnun veitir virkjunarleyfi samkvæmt ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003, sbr. 4. gr. Af því leiðir að til stofnunarinnar mun berast umsókn um virkjunarleyfi vegna fyrirhugaðrar Þverárvirkjunar Önundarfirði, en stofnunin tekur m.a. mið af ákvæðum vatnalaga, varðandi miðlun vatns og stíflumannvirki í því sambandi. Í því sambandi bendir Orkustofnun einnig á, að samkvæmt 4. mgr. 143. gr. vatnalaganna eru ákvarðanir Orkustofnunar er snerta mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir sem fjallað er um í VI. kafla laganna kærnanlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, eins og leyfisveitingar vegna virkjunarleyfa samkvæmt ákvæðum raforkulaga, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Virkjanir sem eru 10 MW eða stærri skulu tengjast flutningskerfinu beint en minni virkjunum er heimilt að tengjast því um dreifiveitu. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi, sbr. 3. mgr. 5. gr. raforkulaga.

Framkvæmdir á grundvelli virkjunarleyfis skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði, sbr. 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1040/2005, með raforkulögum. Breytingum á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar sem gerir eftir atvikum ráð fyrir fyrirhugaðri virkjun, lóni henni tengd



og öðrum atriðum sem varða virkjunarleyfið, m.a. skilyrði er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu, sbr. 2. mgr. 5. gr. raforkulaga. Í því sambandi er nauðsynlegt að fyrir liggi afstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum fyrir hina fyrirhuguðu virkjun, áður en afstaða til virkjunarleyfis og þar með tengisamnings við flutningskerfið er tekin af hálfu Orkustofnunar, komi til þess.

Að öðru leyti hefur Orkustofnun ekki frekari athugasemdir fram að færa.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Ísafjarðarbæ, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um virkjunarleyfi á grundvelli raforkulaga, komi til þess.

Að öðru leyti hefur Orkustofnun ekki frekari athugasemdir fram að færa.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra


Skúli Thoroddsen


Erla Björk Þorgeirsdóttir